

Þróunarverkefnið

# Læsi fyrir lífið

Veturinn 2023 - 2024  
í Þingeyjarskóla

Stöðuskýrsla

## Þróunarverkefnið - Læsi fyrir lífið

Þingeyjarskóli hóf vorið 2023 samstarf við Háskólann á Akureyri um þróunarverkefni sem nefnist *Læsi fyrir lífið*. Verkefnið miðar að því að efla læsiskennslu með fjölbreyttum aðferðum. Aðferðin byggir á að nýta samvirkar læsiskennsluaðferðir og samþætta vinnu með orðaforða, lesskilning, lesfimi, ritun, samræðu, tjáningu og hlustun í skólastarfi. Í verkefninu *Læsi fyrir lífið* er unnið með læsi þvert á námsgreinar og fá kennarar leiðsögn og þjálfun í að kafa dýpra í viðfangsefni með nemendum og nota verkfæri á borð við gagnvirkan lestur, hugtakagreiningu, ritunarramma, samræður o.fl. til að efla skilning og nám nemenda. Lögð er áhersla á að kennarar og nemendur tileinki sér fjölbreyttar og hagnýtar aðferðir sem rannsóknir hafa sýnt að séu árangursríkar í að efla læsi. Lögð er sérstök áhersla á fjóra grunnþætti læsis:

- Lestur og lesskilning
- Lesfimi
- Ritun og miðlun
- Samræðu, tjáningu og hlustun

Markmið þróunarverkefnisins er að:

- Efla læsisfærni nemenda ár frá ári.
- Flétta læsi inn í allt skólastarf alla daga ársins.

Gert er ráð fyrir að allir kennarar skólans taki þátt á einn eða annan hátt í þróunarverkefninu. Markhópurinn er mið- og unglíngastig en yngsta stig mun einnig taka þátt með einum eða öðrum hætti. Stefnt er að þróunarverkefnið standi yfir í 4 ár, frá vori 2023 - maí 2027.

Með þátttöku í verkefninu taka kennarar þátt í lærdómsferli, þeir ígrunda eigið starf og tileinka sér nýja þekkingu í samstarfi við starfsfélaga og ráðgjafa frá Miðstöð skólapróunar við HA. Fræðilegt og hagnýtt efni verður aðgengilegt fyrir kennarana á canvasvef msha.

**Markmið með starfsþróun í skólum er að stuðla að betri árangri í skólastarfi.**

**Ferlið:**

Kennarar taka þátt í fjórum fræðslufundum/námskeiðum yfir skólaárið og fá í hendurnar verkfæri til að nýta í kennslu. Ráðgjafi msha verður Anna Sigrún Rafnsdóttir og mun hún halda utan um alla ráðgjöf frá HA við Þingeyjarskóla. Einu sinni mun hún koma á kennslutíma og veita stuðning og ráðgjöf. Hulda Svanbergsdóttir læsisfræðingur skólans mun verða tengiliður við HA. Í lok verkefnisins fá kennarar aðstoð við að koma markmiðum og verkfærum sem þeir hafa verið að vinna með inn í skólanámskrána.

**Viðfangsefni:**

1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
Lestur og lesskilningur	Ritun og miðlun	Samræða, tjáning og hlustun	Að festa LFL í sessi

**Markmið****Nemendur:**

- Að efla læsi nemenda á mið- og unglingastigi með áherslu á orðaforða, lesskilning, samræðu, tjáningu, hlustun og ritun og miðlun.
- Að efla áhuga og virkni nemenda í námi.

**Kennarar:**

- Að kennarar leiti leiða til að efla læsi í öllum námsgreinum alla daga í skólalastarfinu.
- Að þróa og innleiða fjölbreyttar og áhrifaríkar aðferðir til að efla læsi og lesskilning á mið- og unglingastigi og almennt að vinna með orðaforða í öllum greinum sem kenndar eru í grunnskóla.
- Að kennarar leggi rækt við áhugahvöt, sjálfstæði, einstaklingsmiðun og ábyrgð nemenda á eigin námi.

**Veturinn 2023 - 2024**

Anna Sigrún Rafnsdóttir ráðgjafi okkar í verkefninu kom vorið 2023 og kynnti verkefnið fyrir starfsfólki skólans og þá var tekin ákvörðun um að Þingeyjarskóli færi af stað í 4 ára þróunarverkefni til að efla læsi við skólann.

**September:**

Anna Sigrún kom 12. september og var með 2 klst. fyrirlestur um gagnvirkan lestur og setti kennurum fyrir heimavinnu fyrir næsta hitting. Þeir voru beðnir um að ræða við nemendur og fá hugmyndir frá þeim hvað einkennir góða lesara, hvað það er sem nemendur gera sem eiga gott með að lesa texta, skoða myndir, myndbönd, ofl. Síðan að kynna fyrir nemendum vinnuna í vetur með gagnvirkan lestur og þetta sé verkfæri sem hafi sýnt sig að geta stutt við nemendur. Fara svo yfir hlutverkin og hvernig unnið sé með þau í námi og láta svo nemendur æfa sig með hlutverkin.

**Október:**

Anna Sigrún kom næst með fyrirlestur 30. október og fór þá dýpra í verkfæri gagnvirks lestrar. Áherslan var á að kanna og kryfja þ.e. notkun á spæjaranum. Heimavinna fyrir næsta hitting var að skoða verkfærin sem kynnt voru og nota þau í kennslunni. Verkgreinakennarar voru beðnir um að nota munnlegar orðskýringar og myndir á vegg. Kennarar í bóklegum fögum áttu að velja 1-2 eftirfarandi verkfæri og æfa þau með nemendum.

- Orðaspjall
- Orðaskjóðu - mentimeter
- Frayer líkanið
- Krossglíma
- Orðhlutavinna

**Janúar:**

Fyrirlestri nóvember mánaðar var frestað til 31. janúar. Þá fjallaði fyrirlesturinn um verkfærið að spyrja spurninga m.a. til að byggja undir samræðu þ.e. fréttamaðurinn. Anna Sigrún fór yfir opnar/lokaðar spurningar og benti á að við þyrftum að vera meðvituð um hvert markmiðið er með spurningunum. Hún gaf okkur hugmyndir að vinnu með nemendum eins og að vinna með lokaðar spurningar, viðtöl, fréttir, þætti, samræðuæfingar, nota spurningastofnana og kveikjur.

**Febrúar:**

Anna Sigrún kom í skólann 26. febrúar og var með áhorf í tímum hjá öllum stigum. Dagurinn gekk vel og skilaði hún síðan hugleiðingum sínum um áhorfið til kennaranna nokkrum dögum seinna og hafði síðan rafrænan hitting með kennurunum á hverju stigi fyrir sig viku seinna. Ekki var hægt að sjá og heyra annað en ráðgjafinn hafi verið ánægður með það sem hann sá og upplifði í tímunum.

**Apríl**

Næsti fyrirlestur hjá Önnu Sigrúnu var 17. apríl. Á þessum fyrirlestri var unnið með kúrekann/draga saman aðalatriðin og listamanninn/sjá, heyra og finna. Anna Sigrún var með innlegg á glærum og svo unnu kennarar saman verkefni. Fyrst unnu þeir verkefni um athyglisverðan fróðleiksmola úr texta. Skoðuðum myndir og ræddum listamanninn út frá því. Ræddum atriði sem þarf að hafa í huga varðandi það að sjá, heyra og finna, það getur verið svo ólíkt hvernig við upplifum það.

Í lokin var unnið verkefni um það hvernig nemendur geti verið að byggja upp þekkingu í samvinnu við félagi.

**Júní**

Síðasti fundurinn á vetrinum var 3. júní og þá tók Anna Sigrún fyrir hvernig við vinnum með það sem við höfum lært í vetur með því að setja það inn í kennsluáætlanir. Einnig voru hugleiðingar um starfspróun og skoðuðum verkfærið gefa og taka fyrir eldri nemendur og KVHL.

## Samantekt

Hér á eftir eru samantektir sem hvert teymi tók saman með hugleiðingum sínum um fyrsta veturinn í þróunarverkefninu Læsi fyrir lífið.

### Miðstig: Samantekt eftir veturinn

Kennarar á miðstigi voru duglegir að nýta verkfærin í vetur. Þeir notuðu m.a.

- Stærðfræðiorð upp á vegg
- Stærðfræðiorð - Freyer líkanið
- Stærðfræðiorð í orðasúpu – í lestrarhefti
- Freyer – líkanið – Jólaorð og Egla
- Tímalína/söguvegur. Egla
- Orðasafn- t.d. í Eglu þar sem við söfnuðum öllum orðum sem við fundum um vopn
- Orðaforðauppbygging. Gömul eða flókin orð sett upp á vegg sem voru okkur „ný“. t.d. í samfélagsfræði
- Spæjara- og kúrekaverkefni í kennslu og í lestrarhefti.
- Spákona og fréttamaður – verkefni í kennslu og í lestrarhefti
- Orðhlutavinna
- Orð í orði- bæði kennslu og í lestrarhefti
- Krossglíma- bæði kennslu og í lestrarhefti
- Stafaleikur – finna orð í ákveðnum flokkum sem byrja á ákveðnum staf
- Setningaleikur – leikið með orðflokka og setningamyndun
- Líkaminn- orðavinna (söfnuðum orðum um líkamann og staðsettum)

Kennurum fannst vinnan ganga vel. Töldu að þeir muni vinna á þessum nótum áfram og nýta sér þau verkefni sem þeim finnst hæfa hverju sinni.

### Unglingastig: Samantekt eftir veturinn

Á unglingastigi voru nokkur verkfæri notuð.

Allir fara í öll hlutverk var kynnt fyrir nemendum í náttúrufræði og unnin verkefni tengt því. Fréttamaðurinn, spákonan, kúrekinn og spæjarinn voru notuð og má finna myndir af því verkefni inn á Shared Drives. Einnig notaði náttúrufræðikennarinn Frayerslíkaði í verkefnagerð.

Í íslensku notaði kennarinn hugtakakort til að skilgreina betur orðflokkanana og nýttist það nemendum vel.

Í ensku notaði kennarinn spurningastofnana þegar hann var að byrja að lesa nýja bók. Það heppnaðist vel en kennarinn hefði mátt undirbúa nemendur betur og kynna spurningastofnana áður en farið var í bókina.

**Verk- og listgreinakennarar: samantekt eftir veturinn****Textílmennt**

Textílmenntakennari prentaði út myndir af verkfærum og hengdi upp í stofunni og merkti verkfæri þar sem því var við komið. Einnig var hengdur upp orðaforðalista hvers stigs.

Kennarinn varð meðvitaðri um orðaforðann/hugtakanotkun og mikilvægi réttar orðanotkunar. Kennarinn ræddi við nemendur að þetta væru orðin sem þau þyrftu að læra að nota. Spurði þau eftir tímana hvaða orð vorum við að nota og hvort notuð voru ný orð.

Nemendur á miðstigi og elsta hóp yngsta stigs unnu markvisst með orðaforðann. Nemendur drógu orð og áttu að teikna mynd af því sem þau héldu að orðið þýddi. Myndirnar hanga uppi í stofunni ásamt orðinu. Þetta verkefni heppnaðist mjög vel, nemendur lærðu ný orð og skemmtileg umræða skapaðist um orðin og hvað þau gætu þýtt/hvernig væri hægt að teikna þau. Nemendur á öðrum stigum spáðu líka mikið í myndunum og orðunum.

Verkefni með skriflegum leiðbeiningum og myndum kom vel út einnig sóknarskrift með orðaforða sem gekk vel.

Textílmenntakennari reyndi að finna leiki til að vinna með orðaforðann en gekk ekki vel með það.

Hugleiðingar kennarans: Mér finnst námskeiðið gott en ekki námskeið sem allir starfsmenn þurfa að sitja. Mér fannst það mjög miðað að bóklegum greinum og eins og námskeiðið var kynnt átti ég von á því að það væri líka horft til verk- og listgreina. Fleiri hugmyndir fyrir þá sem kenna þær greinar. T.d kom kennari námskeiðsins inn í bekkina/stigin til að fylgjast með og gefa ráð en ég veit ekki til þess að komið hafi verið í verk- og listgreinastofur. Mér fannst ég ekki læra neitt nýtt (sem ég hef ekki lært í byrjendalæsi, námskeiðið sem ég man ekki hvað heitir en var hugsað sem framhald af byrjendalæsi frá HA). Þetta var góð upprifjun og ég myndi nýta mér marga þarna ef ég væri að kenna bóklegar greinar. Ég væri til í fleiri hugmyndir og verkfæri fyrir okkur sem kennum ekki bóklegar greinar.

## Ípróttir og sund

Ípróttakennari byrjaði að prenta út myndir og reyndi að hafa sýnilegar en þar sem hann er að kenna er ekki í boði að hafa mikið á veggjum. Hann byrjaði að þæla meira í orðum þegar hann var að útskýra fyrir nemendum eins og með skriðsund og fleiri hugtök. Það leiddi til að kennarinn varð meðvitaðri um orðaforðann sem hann var að nota og miðla til nemenda. Hann reyndi að setja upp leiki með meiri orðaforða en vantaði fleiri hugmyndir.

Hugleiðingar kennarans: Upplifun mín var þínu að þetta væri meira fyrir bóklega kennslu. Reyndi eins og ég gat að hugsa hvað ég gæti gert og framkvæmt í kennslunni en vantaði meiri upplýsingar hvernig verkfærin væru notuð. Var farin að reyna að fá hugmyndir á netinu, einnig gáfum við okkur góðan tíma, ég, textílmenntakennari og myndmenntakennari að reyna að afla okkur upplýsinga fyrir okkar kennslu. Hefði verið gott og eðlilegt að við verkgreinakennarar hefðum fengið kennslu og hugmyndir af verkfærum t.d. leikjum sem hægt væri að nýta í list og verkgreinum. Í framhaldinu væri frábært ef við list- og verkgreinakennarar fengum fleiri hugmyndir frá ráðgjafanum hvernig við gætum nýtt þetta hjá okkur og kæmi líka í okkar kennslu til að gefa okkur ráð og hugmyndir.

Námskeiðið sjálft gaf margar góðar hugmyndir fyrir þá sem eru að kenna bóklegar greinar en eins og það er uppsett núna er það ekki að höfða til mín og minnar kennslu.

Þingeyjarskóli júní, 2024

Hulda Svanbergsdóttir  
Tengiliður þróunarverkefnisins